

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2212  
komudagur 28.4.2004

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 28. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um öldrunarstofnanir, 330. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

**Stjórn Eyþings mælir með samþykkt tillögunnar. Stjórnin telur að með þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir fáist mikilvægar upplýsingar sem nýtist í tengslum við hugmyndir um flutning öldrunarmála til sveitarfélaga.**

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jonasson  
framkv.stjóri



FÉLAG  
ELDRI  
BORGARA

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2034  
komudagur 21.4.2004

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2004.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um öldrunarstofnanir, þskj. 382 – 330 mál og þakkar heiðraðri nefnd fyrir tækifærið að veita umsögn um málið.

Tillagan gjörir ráð fyrir nefndarskipan sem gjöri heildarúttekt á tekjustofnum og greiðslum til einstakra öldrunarstofnana o.s.frv. svo og gjöri nefndin úttekt á störfum þjónustuhópa í heilsugæsluumdæmum.

Varðandi þessa fyrirhuguðu nefndarskipan þykir FEB sjálfsagt að fulltrúar eða fulltrúi eldri borgara verði í nefndinni, enda eðlileg sanngirniskrafa.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að 1. janúar 2003 hafi átt að taka upp samræmt greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili aldraðra og telur FEB að sú ákvörðun hafi verið af hinu góða svo og það að greiðslur væru í samræmi við hjúkrunarþyngd, enda slík þörf metin reglulega.


Í greinargerðinni er sérstaklega vikið að litlum einingum utan höfuðborgarsvæðisins og að sérstakt tillit þurfi að taka til þarfa þeirra af ýmsum ástæðum og tekur FEB undir að það sé vel skoðað, enda meginatriði að öll umönnun og aðhlyning sé sem allra best og sambærilegust hvar sem fólk vistast og öll mismunun þar verði úr sögunni.

Í greinargerð er einnig vikið að þjónustuhópum aldraðra sem skipaðir skulu af sveitarstjórn í hverju heilsugæsluumdæmi skv lögum um málefni aldraðra og nauðsyn þess að þeir starfi sem allra best og er heilshugar tekið undir það.

Hér er að veigamiklu máli vikið sem er einn stærsti þáttur okkar velferðarkerfis og FEB telur að hvað sem þar er gjört til úrbóta, samræmingar í sanngirnisátt og eflingar virks eftirlits sé hið besta mál.

Úttekt getur ugglaust skilað okkur lengra fram á veg ef vel er að staðið og framkvæmt í framhaldi af því og því lýsir FEB yfir stuðningi við tillöguna og vill mega treysta því að eldri borgarar komi að úttekt þessari með virkum hætti ef af verður.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

  
Ólafur Ólafsson formaður

*Alþingi  
Erindi nr. P 130/2090  
komudagur 23. 4. 2004*

**Til nefndasviðs Alþingis  
Heilbrigðis og trygginganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 15. apríl 2004

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um öldrunarstofnanir, 330.mál.


Stjórn Landssambandsins tekur undir með flutningsmönnum tillögurnar um að gagnlegt gæti verið að fyrirlægi aðgengilegar, fyrir þá sem málið varðar samanburðarupplýsingar á greiðslum til öldrunarstofnanna. Einnig samanburður á þeirri aðstöðu sem þar er til staðar og þeirri þjónustu sem þar er veitt.


En alveg sérstaklega leggur stjórn Landssambandsins áherslu á að úttekt fari fram á störfum þjónustuhópa sveitastjórnana og að nauðsynlegri eftirfylgni verði komið á um þá starfsemi sem víða virðist lítill gaumur gefinn en getur verið mjög mikilvæg fyrir bæði aldraða og einnig fyrir þá sem þjónustuna eiga að veita.

Stjórn Landssambands eldri borgara hvetur því til að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Virðingarfyllst

F.h. Stjórnar Landssambands eldri borgara

  
Benedikt Davíðsson



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM**  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/2464*  
*komudagur 19. 5. 2004*

*Suðurnesjum 17. maí 2004.*

*Nefndasvið Alþingis*  
*Heilbrigðis- og trygginganefnd*  
*Austurstræti 8-10*  
*150 REYKJAVÍK.*

***Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um öldrunarstofnanir, 330. mál.***


*Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 13. maí s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 29. mars s.l. þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um öldrunarstofnanir, 330. mál.*

*Eftirfarandi var fært til bókar.*

*“Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar*

*Þetta tilkynnist hér með.*

*Virðingarfyllst,*

  
*Guðjón Guðmundsson framkv.stj.*



TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 130/1831**

**komudagur 16.4.2004**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. apríl 2004

ÁPS/KG/KSG/033/04

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um öldrunarstofnanir, 330. mál**

Þingsályktunartillaga þessi gerir m.a. ráð fyrir að Alþingi álykti að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd sem geri heildarúttekt á tekjustofnum og greiðslum einstakra öldrunarstofnana og beri saman við þá þjónustu sem þær veita hver fyrir sig.

Tryggingastofnun ríkisins getur tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni, einkum hvað varðar nauðsyn samræmds greiðslukerfis fyrir hjúkrunarheimili aldraðra, virkt eftirlit og þörf fyrir skýrar reglur.

Tryggingastofnunin vill sérstaklega benda á þörf fyrir heildarendurskoðun reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason  
forstjóri